

Stærðfræði 4. bekkur

Kennarar: Edda Guðrún Valdimarsdóttir; Sigrún Antonsdóttir

4

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Í upphafi hverrar viku er sérstakur innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausnaleyðir og skýri lausnaferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Ágúst: Hnitakerfið,

September: Tölur stærri en 1000 og minni en 0 - Samlagning og fráráttur

Október: Tími og klukka

Nóvember: Margföldun og deiling 1

Desember: Samhverfa og mynstur.

Vorönn

Janúar: samhverfa og mynstur, frh.

Febrúar: Ummál og flatarmál

Mars: Margföldun og deiling 2

Apríl: Mælingar og tugabrot - Almenn brot

Maí: Reikningur - Tölfræði

Maí/júní: Upprifjun og námsmat

Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi. Leitast er við að nemendur hafi aðgang að hjálpargögnum og að verkefni séu aðlöguð að talnaskilningi hvers og eins.

Námsmat

Námsmat:

Hver lota byggir á leiðsagnarmati þar sem nemendur fá jafnt og þétt leiðsögn í því hversu vel þeim gengur að ná settum markmiðum. Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Eftir hvern efnisþátt taka nemendur könnun til að meta stöðu og áframhaldandi nám. Niðurstöður sendar heim í ferilmöppum.

Í lok hvorrar annar eru lagðar fyrir kannanir til að meta hæfni nemenda og í kjölfarið eru matskvarðar sendir heim í ferilmöppum.

Námsgögn

Sproti 4a og 4b, nemendabækur og æfingahefti

Sjávarháski

Könnum kortin 2

Húrrahefti

Ýmsir vefir og smáforrit